

Nesvegur 1, 3 og 5

Deiliskipulag



Greinargerð

Hér er sett fram deiliskipulag sem nær til þriggja frístundalóða sem skipt var út úr landi Flekkudals (L126038) í Kjósarhreppi. Svæðið er sunnan Flekkudalsvegur nr. 4834 og vestan Nesvegur. Svæðið er um 1,4 ha með aðkomu frá Nesvegi.

Forsendur

Í Aðalskipulagi Kjósarhepps 2017-2029 er svæðið á landbúnaðarlandi í flokki I. Svæðið er framræst og ræktað og flokkast sem tún og akurlendi (L14.2) í vistgerðarkortlangningu Náttúrufræðistofnunar Íslands. Engar jarðmyndanir eru á svæðinu sem falla undir sérstaka vernd vistkerfa og jarðminja skv. 61. gr. laga um náttúruvernd, svæðið er ekki á náttúruminjaskrá og engar þekktar fornminjar eru á svæðinu. Finnist áður óþekktar fornminjar skal stöðva framkvæmdir og tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands.

Í stefnu sveitarfélagsins í aðalskipulagi segir að svæði sem flokkast sem gott landbúnaðarland (flokkur I og II) verði ekki tekið til annarrar landnýtingar sem takmarki matvælaframleiðslu til framtíðar. Á landbúnaðarlandi er heimilt að reisa stök frístundahús í nágrenni núverandi byggðar og/eða veitukerfa til að nýta sem best núverandi þjónustukerfi. Nú þegar er búið að leggja aðkomuveg sem nýtist svæðinu og byrjað er að reisa frístundahús austan vegarins. Svæðið er því í jaðri þegar raskaðs lands, verið er að nýta núverandi innviði og er ekki verið að raska samfelldu landbúnaðarlandi.

Skilmálar

Innan byggingarreits er heimilt að reisa frístundahús og geymslu. Hámarks byggingarmagn er 150 m². Hámarks mænishæð frá gólfkóta er 4,4 m. Þakform er frjálst. Gólfkóti skal vera að hámarki 50 cm frá frágengnu yfirborði lóðar við húsvegg. Litaval á útveggjum og þökum skal vera lítið áberandi. Lýsing skal vera lágstemmd, beinast niður og ekki valda óþarfa ljósmengun.

Minnst tvö bílastæði skulu vera innan hvers lóðar.

SKIPULAGSGÖGN OG KORTAGRUNNUR

Skipulagsgögn:
Deiliskipulagsuppráttur í mkv. 1:1.000 ásamt greinargerð dagsett 17.11.2021.

Kortagrunnur:
Skipulagsuppráttur er teiknaður á grunni eftirfarandi gagna:
Kortagrunni sveitarfélagsins
Landeignaskrá Þjóðskrár
Hæðarlínur LMÍ IS50V
Samgönguþekju LMÍ IS50V

Veitur

Svæðið verður tengt dreifikerfi RARIK og ljóðsleiðara. Borað verður eftir köldu vatni innan lóða sem mögulegt er að samnýta. Heitt vatn verður leitt að svæðinu frá nálægri stofnlögn. Gert er ráð fyrir hreinsivirkjum á svæðinu sem skal samnýta ef kostur er á. Tryggja skal gott aðgengi til tæmingar. Staðsetning hreinsivirkja á uppdrætti eru leiðbeinandi. Rotþrær og siturlagnir eða sambærilegur búnaður skal vera í samræmi við leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um rotþrær og siturlagnir.

Sorp

Sorphirða fer eftir reglum sveitarfélagsins hverju sinni.


Umhverfisáhrif

Deiliskipulagið fellur ekki undir lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlaða þar sem það felur ekki í sér framkvæmdir sem eru taldar upp í 1. viðauka laganna. Áhrif á umhverfið eru taldar óveruleg en helst er það breytt ásýnd svæðisins. Í næsta nágrenni verða sambærileg hús verða reist og eru þrjú hús til viðbótar ekki talin hafa mikil áhrif á svæðið í heild. Áhrif á landnotkun eru einnig metin óveruleg þar sem svæðið er í jaðri annarrar byggðar, vegur og veitur eru þegar við svæðið og er því verið að nota núverandi innviði. Gott landbúnaðarland er tekið undir lóðirnar en er það í jaðri svæðisins en vegna lítils umfangs, eða um 1,4 ha eru áhrifin metin óveruleg.

Skipulagsferli

Deiliskipulagstillagan er unnin og kynnt skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Gert er ráð fyrir að deiliskipulagstillagan verði auglýst veturinn 2021-2022 og taki gildi snemma vors 2022.

Óskað verður eftir umsögnum frá eftirtöldum aðilum: Minjastofnun og Heilbrigðiseftirliti vesturlands.



KJÓSARHREPPUR AÐALSKIPULAG 2017-2029

SAMÞYKKTIR

Deiliskipulag þetta, sem auglýst hefur verið skv. 41.g

skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í

skipulags- og byggingarnefnd þann _____

og í sveitarstjórn Kjósarhepps þann _____

Tillagan var auglýst frá _____

með athugasemdafresti til _____

f.h. Kjósarhepps

Auglýsing í B-deild Stjórnatíðinda birtist þann _____

SKÝRINGAR

- Mörk deiliskipulagsreits
- Lóðarmörk
- Skipulagt svæði
- Lóð
- Byggingareitir húsa
- Aðkoma að lóð
- Lóðarnúmer
- Gönguleið
- Hreinsivirkí staðsetning leiðbeinandi
- Hnitpunktar á skipulagsmörkum



Nesvegur 1, 3 og 5
Kjósarhreppur
Deiliskipulag

VERK:	BLAÐSTÆRD:	UNNIÐ:	RÝNT:
5886-003	A2	AB	ÁJ
MÆLIKVARÐI:	DAGS:	DAGS.BREYTT:	
1:1.000	17.11.2021	---	

SAMÞYKKT: **TILLAGA**